

MYNL1EL05

Búið til: Fri, 14 Feb 2020 15:32:11 GMT

Titill

Efni og litir

Skammstöfun

MYNL1EL05

Útgáfunúmer

11

Námsgrein

myndlist

Viðfangsefni

Efni og litir

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í þessum grunnáfangi vinna nemendur á kerfisbundinn hátt með mismundandi gerðir af málningu, akríl, olíu og vatnsliti á mismunandi pappír og á striga. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist þekkingu á blöndunareiginleikum mismunandi tegunda af málningu og þjálfist í notkun íblöndunarefna. Í litafræðinni kynnst nemendur grundvallaratriðum í meðferð lita, þar sem þeir kanna samspil lita, virkni þeirra og áhrif. Í lokin vinna nemendur markvisst með fjölbreytta liti og litablöndun með það í huga að kanna möguleika sína á persónulegri tjáningu í málverki.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Blöndun grunnlita í litatóna og hugtökum þar að lútandi
- Að beita litum á fjölbreyttan hátt á ýmis konar efni
- Tóni, blæ, ljósmagni og litablöndun
- Nýtingu litaskalans á áhrifaríkan hátt í einföldum myndum
- Greiningu áhrifa lita og litasamsetningar í mismunandi samhengi
- Greiningu með vísan til táknfræði, á hvaða möguleg áhrif samsetning lita og forma getur haft
- Kenningum/lögmálum litafræðinnar; litahringnum, andstæðum litum, heitum og köldum litum (Johannes Itten)
- Litgreiningu
- Áhrifum ljóss og skugga á liti
- Blæbrigðum litar
- Einlit (monochrome)

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Blanda liti og ná fram mismunandi tónum
- Nýta sér hin ýmsu efni til myndlistar
- Leita sér heimilda og nýta sér þær

- Að nota mismunandi íblöndunarefni til að ná fram ólíkum eiginleikum litanna
- Beita lögmálum litafræðinnar við blöndun lita
- Finna og greina liti í umhverfinu
- Sjá andstæða liti í skuggum
- Nota ljósmyndataækni við að taka myndir af skuggum
- Framkvæma tilraunir og setja þær fram á frambærilegan og persónulegan hátt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Geta blandað hvern þann lit sem hann finnur í umhverfi sínu
- Nýta sér lögmál andstæðra lita; hvernig þeir vinna saman og hafa örvandi áhrif á virkni hver annars
- Nýta áhrif litar á myndbyggingu og áhrif á rýmiskennd
- Geta greint mismunandi litbrigði í einföldum lit
- Nota myndavél til þess að mynda virkni andstæðra lita eftir mismunandi ljósi
- Geta nýtt sér áhrif tónlistar á listsköpun sína

Námsmat

Skólar

Fyrirmynd